



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 REYKJAVÍÐ
postur@uar.is

Reykjavík, 13.08.2020
Tilvísun vor: M-2020-240/00.11

Efni: Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd (málsmeðferð o.fl.), mál nr. 139 2020

Vísað er til máls nr. 139/2020 í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem ráðuneytið kynnir til umsagnar áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Landsvirkjun þakkar fyrir tækifærið að gefa umsögn um áformað frumvarp.

Með áformuðu frumvarpi er ætlunin að:

1. Styttu kynningarferli á áformum um einstaka friðlýsingar, sem ekki eru á framkvæmdaáætlun náttúruminjasráðs, á grundvelli 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 úr átta vikum í tvær vikur.
2. Styttu kynningarferli á drögum friðlýsingarskilmála skv. 2. mgr. 39. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 úr þremur mánuðum í sex vikur.
3. Færa heimild til að veita undanþágu frá ákvæðum friðlýsinga skv. 41. gr. frá ráðherra til Umhverfisstofnunar.
4. Bæta við skyldu til að kortleggja óbyggð víðerni.
5. Rýmka bann við losun úrgangs þannig að það nái einnig yfir svæði í náttúrunni almennt en ekki bara áningarstaði og tjaldstaði.

Umsögn Landsvirkjunar

Landsvirkjun er sammála að tækifæri gætu verið til að stytta kynningarferli hvað snertir málsmeðferð friðlýsinga eins og það er skilgreint í náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Í þessu tilliti gætu þó tvær vikur þótt óþarflega skammur tími til að taka saman vandaða umsögn en á hinn bóginn gætu þrír mánuðir talist óþarflega rúmur tími.

Landsvirkjun telur æskilegt að tímalengd kynningarferlis taki mið af tilgangi kynningarferlisins og hvers vænst er af umsagnaraðilum. Hér verður einnig að taka tillit til þess að umsagnaraðilar eru fjölbreyttir og hafa ólík tök á að bregðast fljótt við. Þá kann það að þrengja að umsagnaraðilum ef nokkur kynningarferli eru í gangi samhliða auk þess sem tímasetningar skipta sköpum.

Að þessu sögðu vill Landsvirkjun vekja athygli á því að ef áform þessi verða óbreytt að veruleika munu umsagnaraðilar hafa mun þrengri tíma (2 vikur) að gefa umsagnir um friðlýsingaráform sem ekki krefjast aðkomu þings (sbr. 2 mgr. 38 gr.), samanborið við þann tíma (8 vikur) sem umsagnaraðilar hafa til að gefa umsagnir um friðlýsingaráform hvar skýr þingvilji liggur að baki (sbr. 5 mgr. 36 gr.).



Landsvirkjun er sammála því að það sé til bóta að færa heimild til að veita undanþágu frá ákvæðum friðlýsinga skv. 41. gr. frá ráðherra til Umhverfisstofnunar.

Landsvirkjun telur að það gæti verið til bóta að bæta við skyldu að kortleggja óbyggð víðerni. Skýra þyrfti hver hefði slíkt með höndum, hvernig meðferð slíkrar kortlagningar yrði háttað, hvaða réttaráhrif slíkt hefði og hvaða aðkomu hagaðilar hefðu að þeirri vinnu.

Landsvirkjun er sammála því að rýmka mætti bann við losun úrgangs þannig það næði yfir svæði í náttúrunni almennt en ekki bara áningarstaði og tjaldstaði.

Virðingarfyllst

Kristín Linda Árnadóttir,
aðstoðarforstjóri

PÓRÓLFUR NIELSEN

Pórólfur Nielsen,
forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni